

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ingveldur Ýr Jónsdóttir
mezzosópran

og
Jónas Ingimundarson
píanóleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 18. júlí 1995 kl. 20:30

Ingveldur Ýr Jónsdóttir stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík og framhaldsnám við Tónlistarskólann í Vínarborg og Manhattan School of Music í New York. Kennarar hennar voru Guðmunda Elíasdóttir, Svanhvít Egilsdóttir og Cynthia Hoffmann. Einnig sótti hún námskeið hjá m.a. Charles Spencer og Martin Katz. Ingveldur Ýr hefur haldið ljóðatónleika bæði hérlendis og erlendis og tekið þátt í mörgum óperuuppfærslum í Mið-Evrópu. Fyrsta óperuhlutverk hennar á íslensku óperusviði var hlutverk Olgu í *Évgení Ónegin* í Íslensku Óperunni veturinn 1993. Eftir það tóku við hlutverk Fljóthildar og Valbrúðar í *Niflungahringnum* á Listahátíð í Reykjavík 1994 og hlutverk Preziosillu í óperu Verdis *Á valdi örlaganna*, sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu síðastliðinn vetur.

Ingveldur Ýr hlaut starfslaun úr Listasjóði vorið 1995 og eru þessir tónleikar meðal annars afrakstur þeirra. Ingveldur Ýr er fastráðin við Óperuna í Lyon næsta vetur.

Jónas Ingimundarson stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og framhaldsnám í Tónlistarskólanum í Vínarborg hjá prófessor Dr. Josef Dichler. Frá árinu 1970 hefur Jónas starfað sem píanóleikari, tónlistarkennari og kórstjóri. Hann hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi og komið fram á öllum Norðurlöndum, í Sovétríkjunum og Kanada, sem píanóleikari ýmist einn eða með öðrum, einkum söngvurum, og á árum áður einnig sem kórstjóri. Jónas hefur oft leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í verkum eftir Bach, Mozart, Beethoven, Liszt, Grieg, Saint-Saëns og Brahms. Hann hefur margoft leikið í útvarpi og sjónvarpi og stjórnað tónlistarþáttum þar. Hann hefur komið fram á alþjóðlegum listahátíðum og leikið inn á hljómplötur.

Árið 1994 sæmdi forseti Íslands Jónas riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir tónlistarstörf.

Efnisskrá

Jón Þórarinnsson	Dáið er allt án drauma ljóð Halldór Laxness
Oliver Kentish	<i>Morgunvers</i> * ljóð Guðmundur Böðvarsson
Oliver Kentish	<i>Löng nótt</i> * ljóð Sigríður Einars frá Munaðarnesi
Jórunn Viðar	Mamma ætlar að sofna ljóð Davíð Stefánsson
Tryggvi M. Baldvinsson	Undur ljóð Vilborg Dagbjartsdóttir
Jón Ásgeirsson	Hjá lygnri móðu ljóð Halldór Laxness
Tryggvi M. Baldvinsson	<i>Í japönskum þönkum</i> * ljóð Vilborg Dagbjartsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir	Líf og ljóð ljóð Þuríður Guðmundsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir	Meloditimen ljóð Sveinbjörn I. Baldvinsson
John Speight	Prinsessan á bauninni ljóð Geirlaugur Magnússon
Jónas Tómasson	IX ljóð Kristín Ómarsdóttir
Hjálmar H. Ragnarsson	Yfirlýsing ljóð Magnea Matthíasdóttir
Atli Heimir Sveinsson	Fjögur lög við ljóð Davíðs Stefánssonar úr „Ég er gull og gersemi“ Þið förumenn jarðar Spurðu mig ekki Ég hef farið um víða veröld Snert hörpu mína

* frumflutningur